

Umsókn til Skorradalshrepps

Heiti verkefnis:

Freyjukórinn 2025-2026

Umsækjandi:

Freyjukórinn, formaður Ingibjörg Kristleifsdóttir og gjaldkeri Erla Gunnlaugsdóttir

Lýsing verkefnis:

Jólatónleikar 29.nóvember 2025 með gestum úr héraði.

Afmælisfögnuður 22.apríl 2026

Markmið:

Að viðhalda og efla starfsemi kórsins í þágu samfélagsins, þátttakenda og áheyrenda.

Að halda veglega upp á 35 ára afmæli kórsins og heiðra þátttakendur frá upphafi til dagsins í dag.

Að halda jólatónleika í samvinnu við annað tónlistarfólk í Borgarfirði s.s. Tónlistarskóla Borgarfjarðar, barnakóra Reykholtskirkju og Varmalands og söngfólk og hljóðfæraleikara í heimabyggð.

Verkátætlun:

- Jólatónleikar 29.nóvember.2025
- Afmælishátíð 22.apríl 2026

Kostnaðaráætlun:

Undirleikara og gestir á tónleikum 500.000

Reiknað er með að annar kostnaður fáið með aðgangseyri og öðrum styrkjum.

Fjárhæð sem sótt er um: 500.000 kr.

Menningarlegt gildi:

Freyjukórinn var upphaflega stofnaður af konum í uppsveitum og starfaði undir stjórn Bjarna Guðráðssonar fyrstu árin. Kórinn hefur breitt úr sér og nú eru um 40 konur sem koma frá Hvalfjarðarsveit, Borgarnesi og öllum uppsveitum, þ.e. Skorradal, Lundarreykjadal, Andakíl, Flókadal, Reykholtssdal, Hálsasveit og Hvítársíðu og Kolbeinsstaðarhreppi.

Kórstarf er ómetanlegt í samfélagi eins og Borgarbyggð og Borgarfirði öllum. Það eflir samstöðu og samhug auk menningarlegs gildis þar sem tónlist gerir lífið bæði innihaldsríkara og skemmtilegra bæði fyrir þátttakendur og hlustendur. Kórinn heldur nokkra tónleika árlega og tekur þátt í fleiri viðburðum og stefnir að því að gera það enn myndarlega þetta starfsár í tilefni af afmælinu.

